



## Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs – 2021

### Markmið

Markmiðið með verðlaunum Norðurlandaráðs er að vekja áhuga á norrænum menningarsamskiptum og samstarfi um umhverfismál, svo og að veita verkefnum viðurkenningu sem skarað hafa fram úr á sviði lista og umhverfismála. Verðlaunin eiga jafnframt að vekja athygli á norrænu samstarfi og auka sýnileika þess.

### Verðlaunamyndin

Úrslit verða tilkynnt þriðjudaginn 2. nóvember í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn. Verðlaunin verða veitt kvikmynd í fullri lengd sem hefur listrænt gildi, er framleidd á Norðurlöndunum og gerð til sýningar í kvikmyndahúsum. Myndin verður að hafa verið frumsýnd í kvikmyndahúsum á tímabilinu 1. júlí 2020 til 30. júní 2021. Verðlaunaféð nemur 300 þúsund dönskum krónum og skiptist jafnt milli handritshöfundar, leikstjóra og framleiðanda enda er kvikmyndagerð sem listgrein afurð náins samspils þessara þriggja þátta.

### Skilyrði fyrir tilnefningu

Tilnefndar kvikmyndir verða að eiga djúpar rætur í norrænni menningu. Þær verða að hafa mikið listrænt gildi og skera sig úr hvað varðar listrænan frumleika. Þá verða þær að samvinna og upphefja margvíslega þætti formsins svo úr verður sannfærandi og heilsteypt listaverk.

### Dómnefndir í löndunum og norræn dómnefnd

Dómnefndir í löndunum eru skipaðar þremur fulltrúum sem Norræna ráðherranefndin (menningarmálaráðherrarnir) útnefna. Dómnefndarfulltrúar eru valdir úr hópi virtra einstaklinga með faglega reynslu af kvikmyndagreiningu og -rýni. Dómnefndirnar í löndunum eru skipaðar til þriggja ára.

Dómnefndir landanna árið 2021 skipa:

#### Danmörk:

Heidi Hilarius-Kalkau Philipsen, Jacob Ludvigsen, Amalie Næsby Fick

#### Finnland

Mikaela Westerlund, Kalle Kinnunen, Kaisu Isto

#### Ísland:

Jóna Finnsdóttir, Guðrún Helga Jónasdóttir, Björn Þór Vilhjálmsson

#### Noregur:

Inger Merete Hobbeltstad, Emilio Sanhueza, Anne Gjelsvik

#### Svíþjóð:

Emma Gray Munthe, Gunnar Bergdahl, Caroline Cowan

Formenn dómnefnda í löndunum skipa norrænu dómnefndina.

# Fyrri handhafar Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs

## Fyrri handhafar kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs

Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs voru veitt í fyrsta sinn árið 2002. Finnsla myndin *Maður án fortíðar* (*Mies vailla menneisyyttä*) eftir Aki Kaurismäki hlaut verðlaunin það ár.

Síðan verðlaunin voru fest í sessi árið 2005 hafa þau verið veitt árlega.  
Verðlaunahafar hingað til eru:

2005: *Morðið* (*Drabet*). Leikstjórn: Per Fly. Handrit: Kim Leona, Dorte Høgh, Mogens Rukov og Per Fly. Framleiðandi: Ib Tardini fyrir Zentropa, Danmörk.

2006: *Zozo*. Leikstjórn og handrit: Josef Fares. Framleiðandi: Anna Anthony fyrir Memfis Film, Svíþjóð.

2007: *Listin að gráta í kór* (*Kunsten at græde i kor*). Leikstjórn: Peter Schønau Fog. Handrit: Bo hr. Hansen (byggt á skáldsögu eftir Erling Jepsen). Framleiðandi: Thomas Stenderup fyrir Final Cut, Danmörk.

2008: *Þú sem lifir* (*Du levande*). Handrit og leikstjórn: Roy Andersson. Framleiðandi: Pernilla Sandström fyrir Studio 24, Svíþjóð.

2009: *Andkrístur* (*Antichrist*). Leikstjórn og handrit: Lars von Trier. Framleiðandi: Meta Louise Foldager fyrir Zentropa, Danmörk.

2010: *Submarino*. Leikstjórn: Thomas Vinterberg. Handrit: Thomas Vinterberg og Tobias Lindholm. Framleiðandi: Morten Kaufmann fyrir Nimbus Film, Danmörk.

2011: *Svínastían* (*Svinalängoma*). Leikstjórn: Pernilla August. Handrit: Pernilla August og Lolita Ray. Framleiðendur: Helena Danielsson og Ralf Karlsson fyrir Hepp Film, Svíþjóð.

2012: *Play*. Leikstjórn og handrit: Ruben Östlund. Framleiðandi: Erik Hemmendorff fyrir Plattform Produktion, Svíþjóð.

2013: *Veiðin* (*Jagten*). Leikstjórn: Thomas Vinterberg. Handrit: Thomas Vinterberg og Tobias Lindholm. Framleiðendur: Sisse Graum Jørgensen og Morten Kaufmann fyrir Zentropa, Danmörk.

2014: *Hross í oss*. Leikstjórn og handrit: Benedikt Erlingsson. Framleiðandi: Friðrik Þór Friðriksson fyrir Hrossabrest, Ísland.

2015: *Fúsi*. Leikstjórn og handrit: Dagur Kári. Framleiðendur: Baltasar Kormákur og Agnes Johansen fyrir RVK Studios, Ísland.

2016: *Háværara en sprengjuregn* (*Louder Than Bombs*). Leikstjórn: Joachim Trier. Handrit: Joachim Trier og Eskil Vogt. Framleiðandi: Thomas Røsbak fyrir Motlys, Noregur.

2017: *Little Wing* (*Tyttö nimeltä Varpu*). Leikstjórn og handrit: Selma Vilhunen. Framleiðendur: Kaarle Aho og Kai Nordberg fyrir Making Movies, Finnland.

2018: *Kona fer í stríð*. Leikstjórn: Benedikt Erlingsson. Handrit: Benedikt Erlingsson og Ólafur Egill Egilsson. Framleiðendur: Benedikt Erlingsson fyrir Gulldrenginn, Marianne Slot og Carine Leblanc fyrir Slot Machine, Ísland.

2019: *Drottningin* (*Dronningen*). Leikstjórn: May el-Toukhy. Handrit: May el-Toukhy og Maren Louise Käehne. Framleiðendur: Caroline Blanco og René Ezra fyrir Nordisk Film Production, Danmörk.

2020: *Barn*. Leikstjórn og handrit: Dag Johan Haugerud. Framleiðandi: Yngve Sæther fyrir Motlys, Noregur.

# KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2021

## DANMÖRK

### **FLUGT**

#### **ÁGRIP**

*Flugt* („Flótti“) segir ótrúlega en sanna sögu manns að nafni Amin, sem er að fara að gifta sig og finnur sig því knúinn til að svipta hulunni af eigin fortíð í fyrsta sinn. Leyndarmálið sem hann hefur búið yfir í 20 ár gæti breytt öllu til framtíðar. Hann segir frá því þegar hann flúði frá Afganistan til Danmerkur sem barn. Frásögnin, sem er að mestu leyti teiknuð, spinnur magnaðann vef mynda og minninga í áhrifamikilli og frumlegri sögu af ungum manni sem tekst á við erfiða fortíð og spurningunni um hvað heimili þýðir í raun og veru.

#### **HANDRITSHÖFUNDUR/LEIKSTJÓRI – JONAS POHER RASMUSSEN**

Dansk-franski handritshöfundurinn og leikstjórinn Jonas Poher Rasmussen (1981) útskrifaðist frá danska kvikmyndaskólanum Super16 árið 2010. Hann hlaut lof fyrir frumraun sína, sjónvarpsheimildarmyndina *Noget med Halvdan*, árið 2006 og skrifaði í kjölfarið fjölda heimildapátta fyrir útvarp. Fyrsta mynd hans í fullri lengd, *Searching for Bill* – blanda heimildarmyndar og skáldskapar – hlaut Nordic:DOX-verðlaunin á CPH:DOX árið 2012 og verðlaun sem besta alþjóðlega myndin á Docaviv. Heimildarmyndin *Det han gjorde* hlaut FIPRESCI-verðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Þessalóníku árið 2016. Teiknaða heimildarmyndin *Flugt* var valin til sýningar á Cannes 2020 og hlaut fjölda virtra verðlauna á hátíðum um allan heim árið 2021, þar á meðal Grand Jury-verðlaunin á Sundance-hátíðinni, Dragon-verðlaunin fyrir bestu norrænu heimildarmyndina á hátíðinni í Gautaborg og Cristal-verðlaunin fyrir bestu myndina í fullri lengd á teiknimyndahátíðinni í Annecy.

#### **HANDRITSHÖFUNDUR – AMIN**

#### **FRAMLEIÐANDI – MONICA HELLSTRÖM**

Monica Hellström er með MA-gráðu í kvikmyndafræði frá Kaupmannahafnarháskóla og BA-gráðu í kvikmyndafræði frá Bedfordshire-háskóla í Bretlandi. Hún hefur verið fastráðinn framleiðandi hjá Final Cut for Real í Danmörku síðan 2010. Hellström starfaði áður hjá Upfront Films og kvikmyndavinnusmiðju dönsku kvikmyndastofnunarinnar. Hún var valin upprennandi framleiðandi („Producer on the Move“) á Cannes-hátíðinni árið 2020. Undanfarinn áratug hefur hún unnið að yfir 20 myndum, þar á meðal *Moon Rider* eftir Daniel Dencik, sem hlaut Reel Talent-verðlaunin á CPH:DOX árið 2012, og myndunum *Chikara: Sumobryderens søn* (2013), *The Fencing Champion* (2014) og *Olegs krig* eftir Simon Lereng Wilmont, en sú síðastnefnda hlaut yfir 30 verðlaun, þar á meðal Best First Appearance Film á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Amsterdam 2017. Heimildarmyndin *Skyggebarn* eftir Cille Hannibal og Christinu Hanberg hlaut Special Mention-verðlaun á CPH:DOX 2021 og áhorfendaverðlaun á DOK.fest í München sama ár.

Hellström var einnig meðframleiðandi *The Nile Hilton Incident*, verðlaunaspennumyndar eftir Tarik Saleh og írsku myndarinnar *Good Favour* eftir Rebecca Daly.

#### **FRAMLEIÐANDI – CHARLOTTE DE LA GOURNERIE**

Charlotte de la Gournerie er meðeigandi og framleiðandi hjá *Sun Creature Denmark* og framkvæmdastjóri *Sun Creature France*. Hún lauk námi frá hinum virta skóla École des Gobelins í Frakklandi með áherslu á framleiðslu teiknimynda og margmiðlun og hóf starfsferilinn sem framleiðslustjóri í Frakklandi. Eftir að hafa sótt vinnusmiðjuna „Animation Sans Frontières“ með stuðningi Creative Europe flutti hún til Danmerkur til að starfa sem kvikmyndaframleiðandi. Árið 2015 varð hún meðeigandi í *Sun Creature Studio*.

Á meðal þeirra teiknimynda sem framleiddar eru hjá Sun Creature eru Cartoon Network-þættirnir *The Heroic Quest of the Valiant Prince Ivandoe* og hin væntanlega Netflix-þáttaröð *Splinter Cell*, sem byggð er á samnefndum tölvuleik frá Ubisoft. *Flugt* er fyrsta teiknimynd de la Gournerie í fullri lengd.

#### **FRAMLEIÐANDI – SIGNE BYRGE SØRENSEN**

Signe Byrge Sørensen (1970) er framleiðandi og framkvæmdastjóri hjá einu helsta framleiðslufyrirtæki Danmerkur, Final Cut for Real, og hefur tvisvar hlotið tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir heimildarmyndirnar *The Act of Killing* og *The Look of Silence*. Hún hefur meistarágráðu í alþjóðlegum þróunarfræðum og samskiptafræðum frá Hróarskelduháskóla (1998) og er útskrifuð frá EURODOC og EAVE.

Sørensen hefur starfað sem framleiðandi frá 1998, fyrst hjá SPOR media og svo hjá Final Cut Productions Aps. Árið 2009 stofnaði hún Final Cut for Real ásamt Anne Köhncke. Hún hefur framleitt yfir 50 heimildarmyndir frá löndum um allan heim – Suður-Afríku, Simbabwe, Senegal, Taílandi, Indónesíu, Kólumbíu og Argentínu, auk norrænu landanna. Auk *The Act of Killing* og *The Look of Silence* eftir Joshua Oppenheimer, sem hlutu lof víða um heim, hefur Sørensen meðal annars framleitt *Les Sauteurs*, sem var tilnefnd til Prix Europa-verðlauna 2016, *Songs of Repression* sem vann til verðlauna á CPH:DOX 2020, *President* sem hlaut sérstök dómnefndarverðlaun í flokknum „World Documentary“ á Sundance-hátíðinni 2021, og *Our Memory Belongs to Us*, sem hlaut Special Mention-verðlaun á CPH:DOX 2021. Í heimalandinu hlaut Sørensen Roos-verðlaunin árið 2014, Timbuktu-verðlaunin 2014 og Ib-verðlaunin 2016.

#### **FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR**

Titill á frummáli: Flugt

Titill á ensku: Flee

Leikstjóri: Jonas Poher Rasmussen

Handritshöfundur: Jonas Poher Rasmussen, Amin

Framleiðendur: Monica Hellström, Charlotte de la Gournerie, Signe Byrge Sørensen

Framleiðslufyrirtæki: Final Cut for Real

Lengd: 90 mínútur

Dreifing í heimalandi: Reel Pictures

Alþjóðleg dreifing: Cinephil

## **FINNLAND**

### **ENSILUMI**

#### **ÁGRIP**

Hinn 13 ára gamli Ramin Mehdi pour og írönsk fjölskylda hans búa í móttökustöð fyrir flóttafólk í Finnlandi. Þegar Ramin er nýkominn í sumarfrí fær fjölskyldan þær skelfilegu fréttir að umsókn þeirra um hæli hafi verið hafnað. Mehdi pour-fjölskyldan gerir lokatilraun til að áfrýja málinu, heldur áfram með sitt daglega líf og reynir að halda í jákvæðnina þrátt fyrir yfirvofandi hættu á brottvísun. Þegar Ramin byrjar nýtt skólaár er sérhvert augnablik og sérhver vinátta orðin dýrmætari en nokkru sinni fyrr.

#### **HANDRITSHÖFUNDUR/LEIKSTJÓRI – HAMY RAMEZAN**

Hamy Ramezan (1979) er finnsk-íranskur kvikmyndaleikstjóri og handritshöfundur. Eftir að hafa flúið ofsóknir í Íran og lifað af vist í flóttamannabúðum í Júgóslavíu á barnsaldri kom Ramezan til Finnlands ásamt fjölskyldu sinni árið 1990. Hann útskrifaðist frá kvikmyndaskóla UCA í Farnham í Bretlandi árið 2007 og hefur gert fjölda stuttmynda síðan. *Viikko ennen vappua* („Vikan fyrir Valborgarmessu“) hlaut viðurkenninguna Special Jury Mention á stuttmyndahátíðinni í Clermont-Ferrand og *Kuuntele* („Hlustaðu“, 2015) var valin til sýninga á Directors' Fortnight í Cannes og tilnefnd til verðlauna sem besta stuttmyndin á Evrópsku kvikmyndaverðlaununum. *Ensilumi* er fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd. Myndin var heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Berlín árið 2021 í flokknum Generation 14plus. Næsta mynd Ramezans í fullri lengd, *Madly in Love* (vinnutitill), þar sem hann skrifar aftur handrit í samstarfi við Antti Rautava, verður ástarsaga um einstætt foreldri og reiðistjórnum.

#### **HANDRITSHÖFUNDUR – ANTTI RAUTAVA**

Antti Rautava fæddist í Helsinki árið 1979. Rautava útskrifaðist af kvikmynda- og sjónvarpsbraut hönnunarháskólans í Lahti árið 2007. Hann hefur skrifað stuttmyndir, leikrit og prósavverk. *Ensilumi*, sem hann skrifaði handrit að ásamt leikstjóranum og handritshöfundinum Hamy Ramezan, er fyrsta kvikmyndahandrit hans í fullri lengd.

#### **FRAMLEIÐANDI – JUSSI RANTAMÄKI**

Jussi Rantamäki (1980) fæddist í Kokkola í Finnlandi. Rantamäki hefur starfað fyrir Aamu Film Company síðan 2008 og eignaðist fyrirtækið árið 2013. Sem framleiðandi hefur hann unnið með fjölda kvikmyndahöfunda. Rantamäki var yfirframleiðandi myndarinnar *Taulukauppiat* („Málverkasalarnir“) eftir Juho Kuosmanen, sem hlaut Cannes Cinéfondation-verðlaunin árið 2010. Í kjölfarið framleiddi hann fyrstu mynd hans í fullri lengd, *Besti dagur í lífi Olli Mäki* (*Hymyilevä mies*), sem hlaut mikið lof, vann til Un Certain Regard-verðlaunanna á Cannes 2016 og var tilnefnd til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs. Önnur kvikmynd Kuosmanens, *Klefi nr. 6*, var tilnefnd til hinna virtu Gullpálmaverðlauna í Cannes 2021 þar sem hún hlaut dómnefndarverðlaunin. Á meðal annarra handritshöfunda og leikstjóra sem Rantamäki hefur framleitt myndir eftir eru Hannaleena Hauru (*Lauri Mäntyvaaran tuuheet ripset* („Hin þykku augnhár Lauri Mäntyvaara“)), Elina Talvensaari (*Neiti Aika* („Ungfrú tími“)) og Mikko Myllylahti (*Metsurin Tarina* („Saga skógarhöggsmannsins“)). Rantamäki hlaut listaverðlaun finnska ríkisins árið 2016.

#### **FRAMLEIÐANDI – EMILIA HAUKKA**

Emilia Haukka er í fullu starfi sem framleiðandi hjá Aamu Film Company, þar sem hún hefur unnið að hálfri tylft stuttmynda, kvikmynda í fullri lengd og heimildarmynda undanfarin 2-3 ár. Þar á meðal eru heimildarmynd Elinu Talvensaari *Neiti Aika* („Ungfrú tími“), sem hlaut verðlaun sérstakrar dómnefndar á hátíðinni í Þessalóníku árið 2020 og gamanmynd Hönnuleenu Hauru, *Fucking with Nobody*. Ásamt Jussi Rantamäki hefur hún framleitt kvikmyndina *Klefi nr. 6*, sem tilnefnd var til Gullpálmans í Cannes, og væntanlega mynd Mikko Myllylahti, *Metsurin tarina*.

#### **FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR**

Titill á frummáli: Ensilumi

Enskur titill: Any Day Now

Leikstjóri: Hamy Ramezan

Handritshöfundar: Hamy Ramezan, Antti Rautava

Aðalhlutverk: Aran-Sina Keshvari, Shahab Hosseini, Shabnam Ghorbani, Kimiya Eskandari

Framleiðendur: Jussi Rantamäki, Emilia Haukka

Framleiðslufyrirtæki: Aamu Film Company

Lengd: 82 mínútur

Dreifing í heimalandi: Nordisk Film Distribution

## **ÍSLAND**

### **ALMA**

#### **ÁGRIP**

Eftir að hafa séð föður sinn myrtan á hrottalegan hátt flúði hin þriggja ára Alma stríðshrjáð heimaland sitt ásamt móður sinni og settist að á Íslandi. Nú, 25 árum síðar, afplánar Alma fangelsisdóm á lokaðri geðdeild fyrir að hafa myrt kærasta sinn, þó að sjálf muni hún ekkert eftir glæpnum. En þegar Alma kemst að því að kærasti hennar er enn á lífi ákveður hún að brjótast út og drepa hann eftir allt saman.

#### **HANDRITSHÖFUNDUR/LEIKSTJÓRI – KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR**

Kristín Jóhannesdóttir (1948) er gamalreynndur leikstjóri kvikmynda og leikverka. Hún lauk meistaragraðu í bókmenntafræði og kvikmyndafræði frá Paul-Valéry-háskólanum í Frakklandi og gráðu í kvikmyndaleikstjórn frá Conservatoire Libre du Cinéma Français í Frakklandi. Kristín leikstýrði fyrstu mynd sinni, *Á hjara veraldar*, árið 1982. Önnur mynd hennar, *Svo á jörðu sem á himni*, var valin til sýningar utan keppni á kvikmyndahátíðinni í Cannes 1992 og hlaut í framhaldinu 12 alþjóðleg verðlaun. Einnig hefur hún leikstýrt tónlistarmyndböndum, sjónvarpsmyndum og útvarpsleikritum og sett fjölda verka á svið í Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu.

Kristín hefur setið í inntökunefnd Listaháskóla Íslands. Frá 2015–2018 var hún meðlimur í Kvikmyndaráði Íslands, sem skipað er í af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

#### **FRAMLEIÐANDI – GUÐRÚN EDDA ÞÓRHANNESDÓTTIR**

Guðrún Edda Þórhannesdóttir (1969) stofnaði framleiðslufyrirtæki sitt, Tvíeyki (Duo Productions), árið 2006. Samhliða því rekur hún fyrirtækið Spellbound Productions, sem hún stofnaði 2009 ásamt Friðriki Þór Friðrikssyni.

Guðrún Edda útskrifaðist frá Cambridge-háskóla á Englandi með BA- og MA-gráðu í bókmenntafræði og sagnfræði. Síðar nam hún kvikmyndafræði við bresku kvikmyndastofnunina og Lundúnaháskóla. Undanfarin 13 ár hefur hún framleitt yfir tug stuttmynda, kvikmynda í fullri lengd og sjónvarpsþáttaraða sem hlotið hafa lof um allan heim. Þar á meðal eru *Sveitabrúðkaup* (2008), fyrsta kvikmyndin í fullri lengd sem leikstýrt var af hinum þekktu kvikmyndaklippara Valdísi Óskarsdóttur (*Eternal Sunshine of the Spotless Mind*), *Mamma Gógó* eftir Friðrik Þór Friðriksson og sjónvarpsþáttaröðin *Tími nomarinnar*. Hún meðframleiddi ásamt fleirum myndina sem hlaut kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2014, *Hross í oss* eftir Benedikt Erlingsson, myndirnar *Hemma* og *Vesalings elskendur* eftir Maximilian Hult, þáttaröðina *Líf eftir dauðann* eftir Veru Sölvadóttur og *End of Sentence* eftir Elfar Aðalsteinsson. Kvikmyndin *Alma* eftir hinn gamalreynnda leikstjóra Kristínu Jóhannesdóttur var frumsýnd á Íslandi þann 7. maí 2021.

Guðrún hefur gegnt margvíslegum störfum innan kvikmyndabransans, svo sem stöðu framkvæmdastjóra Kvikmyndahátíðar í Reykjavík og stöðu yfirmanns almannatengsla hjá Íslensku kvikmyndamiðstöðinni, og hefur einnig séð um innkaup á erlendu efni fyrir RÚV.

#### **FRAMLEIÐANDI – FRÍÐRIK ÞÓR FRÍÐRIKSSON**

Fríðrik Þór Fríðriksson (1954) er einn þekktasti kvikmyndagerðarmaður og framleiðandi Íslands. Hann rekur framleiðslufyrirtækið Spellbound ásamt Guðrúnu Eddu Þórhannesdóttur.

Fríðrik Þór hefur verið einn af drifkröftunum í þróun íslensks kvikmyndaiðnaðar síðan á 9. áratug tuttugustu aldar og gegnir enn lykilhlutverki við að koma ungu hæfileikafólki á framfæri í starfi sínu sem framleiðandi. Hann varð þekktur víða um heim fyrir aðra kvikmynd sína í fullri lengd, *Börn náttúrunnar* (1991), sem var framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna í flokki erlendra mynda en myndin var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna í flokki erlendra kvikmynda. Á meðal annarra mynda hans sem hlotið hafa lof eru *Á köldum klaka*, *Biódagar*, *Englar alheimsins*, *Djöflaeyjan* og *Mamma Gógó*.

Friðrik Þór er enn afkastamikill sem framleiðandi. Á meðal leikstjóra sem hann hefur starfað með eru Ragnar Bragason (*Fiaskó*, 2000), Hal Hartley (*Skrímsli*, 2001), Hilmar Oddsson (*Kaldaljós*, 2004), Benedikt Erlingsson (*Hross í oss*, hlaut kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2014), og Ari Alexander Ergis Magnússon (*Undir halastjörnu*, 2018). Nýjasta myndin sem hann framleiddi fyrir Spellbound, *Alma*, var frumsýnd á Íslandi í maí 2021.

#### **FRAMLEIÐANDI – EGIL ØDEGÅRD**

Norski framleiðandinn Egil Ødegård (1961) er yfirmaður alþjóðlega framleiðsluþjónustu- og efnisskópunarfyrirtækisins Evil Doghouse Productions, sem er móðurfélag hins rótgróna „arthouse“-dreifingarfyrirtækis Europa Film.

Ødegård lagði stund á háskólanám í sagnfræði, fjölmiðlafræði og menningarstjórnun. Hann framleiddi fyrstu kvikmynd sína í fullri lengd 1989/90 og hefur síðan þá framleitt eða meðframleitt yfir 40 myndir, þar á meðal flestar kvikmyndir Friðriks Þórs Friðrikssonar og nokkrar af myndum Baltasars Kormáks, svo sem *Djúpið*, sem tilnefnd var til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2013. *Alma* er nýjasta myndin sem hann framleiðir. Hann er meðlimur í Evrópsku kvikmyndaakademíunni.

#### **FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR**

Titill á frummáli: Alma

Titill á ensku: Alma

Leikstjóri: Kristín Jóhannesdóttir

Handritshöfundur: Kristín Jóhannesdóttir

Aðalhlutverk: Snæfríður Ingvarsdóttir, Emmanuelle Riva, Kristbjörg Kjeld, Hilmir Snær Guðnason

Framleiðendur: Guðrún Edda Þórhannesdóttir, Friðrik Þór Friðriksson, Egil Ødegård

Framleiðslufyrirtæki: Duo Productions

Lengd: 96 mínútur

Dreifing í heimalandi: Sena



## **NOREGUR**

### **GUNDA**

#### **ÁGRIP**

Í heimildarmynd sinni *Aquarela* minnti Victor Kossakovsky okkur á hverfulleika mannsins á jörðinni. *Gunda* er áminning sama handritshöfundar og leikstjóra um þá staðreynd að við deilum plánetunni okkar með milljörðum annarra dýrategunda. Gegnum kynni af gyltu með grísi (henni Gundu, sem myndin dregur nafn sitt af), tveimur snjöllum kúm og einfættum kjúklingi sem stelur senunni tekst Kossakovsky að endurkvarða siðferðilega heimsmynd okkar og minna okkur á hið innbyggða gildi lífsins og þá ráðgátu sem felst í vitund allra dýra, þar með talinni okkar eigin.

#### **HANDRITSHÖFUNDUR/LEIKSTJÓRI – VICTOR KOSSAKOVSKY**

Victor Kossakovsky fæddist í Rússlandi árið 1961 og er frumlegur og margverðlaunaður heimildamyndagerðarmaður. Myndir hans spanna mörg ólík viðfangsefni en kafa ávallt í samspil veruleikans og ljóðrænna augnablika. Við gerð mynda sinna gegnir Kossakovsky oft hlutverkum leikstjóra, klippara, tókumanns og handritshöfundar í senn. Sem stendur hefur hann aðsetur í Berlín og starfar við að kenna og leiðbeina upprennandi kvikmyndagerðarfólki. Kossakovsky hóf kvikmyndaferil sinn árið 1978 í hinu fræga heimildamyndastúdíói í Leningrad sem aðstoðartökumaður, aðstoðarleikstjóri og klippari. Hann nam handritaskrif og leikstjórn við HCSF í Moskvu 1986–1988. Árið 1989 leikstýrði hann fyrstu kvikmynd sinni í fullri lengd, *Losev*, og gat sér frægðar árið 1992 fyrir heimildarmyndina *Belovy*, sem hlaut yfir tug verðlauna, þar á meðal Joris Ivens-verðlaun hollensku sjónvarpsstöðvarinnar VPRO og áhorfendaverðlaun á alþjóðlegu heimildamyndahátíðinni í Amsterdam (IDFA). Árið 2011 var myndin *Vivan las antípodas!* eftir Kossakovsky valin sem opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar í Feneyjum og hlaut meðal annars einnig Cinematic Vision-verðlaunin á Silverdocs-hátíðinni. Heimildarmynd hans *Aquarela*, tæknilega byltingarkennd mynd með alþjóðlegri skírskotun sem fjallar um hin mörgu form vatns, var einnig frumsýnd í Feneyjum 2018 og var í kjölfarið tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta heimildarmyndin, auk annarra viðurkenninga. *Gunda* var valin til sýningar á nærri 30 alþjóðlegum hátíðum og einnig tilnefnd til Óskarsverðlauna.

#### **FRAMLEIÐANDI – ANITA REHOFF LARSEN**

Norski framleiðandinn Anita Rehoff Larsen (1977) hefur starfað með kvikmyndaleikstjórum í Noregi og á alþjóðavettvangi frá árinu 2010. Hún er meðeigandi framleiðslufyrirtækisins Sant & Usant ásamt framleiðandanum og leikstjóranum Tone Grøttjord-Glenne.

Rehoff Larsen nam kvikmynda- og sjónvarpsframleiðslu við Sunderland-háskóla í Bretlandi og þróaði færni sína sem alþjóðlegur framleiðandi enn frekar hjá EURODOC. Hún gat sér gott orð sem heimildamyndaframleiðandi á alþjóðlegum vettvangi árið 2012, þegar *When the Boys Return* eftir Tone Andresen og *Til ungdommen* eftir Kari Anne Moe voru báðar frumsýndar á alþjóðlegu heimildamyndahátíðinni í Amsterdam. Margar þeirra mynda sem hún hefur hlotið lof fyrir eru þroskasögur úr heimi íþróttanna – *Dans för livet* eftir Sichen Ai og Erlend E. Mo, *Maiko: Dancing Child* eftir Åse Svenheim Drivenes, *Varicella* eftir Victor Kossakovsky og nú síðast *Sisters on Track* eftir Corinne van der Borch og Tone Grøttjord-Glenne. Sú síðastnefnda er fyrsta norska heimildarmyndin sem framleidd er á vegum Netflix.

*Gunda* eftir Kossakovsky, með Joaquin Phoenix sem yfirframleiðanda, var heimsfrumsýnd í Encounters-flokknum á kvikmyndahátíðinni í Berlín og sló umsvifalaust í gegn hjá áhorfendum og gagnrýnendum. Myndin var seld á yfir 40 svæði og tilnefnd til Óskarsverðlauna.

#### **FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR**

Titill á frummáli: Gunda

Titill á ensku: Gunda

Leikstjóri: Victor Kossakovsky

Handritshöfundur: Victor Kossakovsky

Framleiðandi: Anita Rehoff Larsen

Framleiðslufyrirtæki: Sant & Usant

Lengd: 93 mínútur

Dreifing í heimalandi: Arthaus

Alþjóðleg dreifing: Cinephil



## SVÍÐJÓÐ

### TIGRAR

#### ÁGRIP

Martin er einn efnilegasti fótboltamaður Svía frá upphafi. Þegar hann er sextán ára rætist draumurinn: hann er keyptur af einu virtasta fótboltaliðinu á Ítalíu. Þann draum þarf hann þó að greiða dýru verði – færa miklar fórnir, helga sig starfinu, þola mikið álag og fyrst og fremst mikla einsemd. Martin fer að efast um hvort þetta sé í raun það líf sem hann þráði. Með einstakri sýn á veröld atvinnumennsku í íþróttum segir Ronnie Sandahl sanna sögu af hinni 16 ára fótboltastjörnu Martin Bengtsson. *Tigrar* (*Tigers*) er þroskasaga um brennandi þráhyggju ungs manns í heimi þar sem verðmiði er á öllu – og öllum.

#### HANDRITSHÖFUNDUR/LEIKSTJÓRI – RONNIE SANDAHL

Ronnie Sandahl (1984) er handritshöfundur og leikstjóri með fjölmiðlabakgrunn. Síðan hann gerði fyrstu mynd sína *Svenskjävel* (2015), sem vann til verðlauna á kvikmyndahátíðunum í Zürich og Chicago, hefur Sandahl unnið að þrileik um íþróttir og sálfræði: auk *Tigrar* skrifaði hann handritið að *Borg/McEnroe* (2017), sem hlaut áhorfendaverðlaun á kvikmyndahátíðinni í Róm, og *Perfect*, væntanlegri kvikmynd um fimleika í leikstjórn Oliviu Wilde. *Tigrar* hlaut verðlaun sem besta myndin á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Busan í S-Kóreu, verðlaun ungmennadómnefndar á Norrænum kvikmyndadögum í Lübeck og Dragon-verðlaunin fyrir bestu norrænu myndina á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg 2021.

#### FRAMLEIÐANDI – PIODOR GUSTAFSSON

Piodor Gustafsson (1962) hefur yfir 30 ára reynslu í kvikmyndum, sjónvarpi og auglýsingum. Síðan í september 2020 hefur hann gegnt stöðu framkvæmdastjóra handrita hjá TV4 Media. Gustafsson hefur áður starfað sem framkvæmdastjóri hjá Black Spark Film & TV, ritstjóri og yfirmaður dagskrárgerðar hjá SVT og ráðgjafi hjá sænsku kvikmyndastofnuninni. Hann var líka einn af stofnendum teiknimyndafyrirtækisins *Happy Life* og var framkvæmdastjóri og framleiðandi þar í nær áratug.

Gustafsson hefur nærri 40 stuttmyndir, kvikmyndir og sjónvarpsmyndir á ferilskránni. Þar á meðal eru *The Wife* (2017) eftir Björn Runge, sem Glenn Close hlaut tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir, *Gräns* eftir Ali Abbasi, sem hlaut Un Certain Regard-verðlaunin á Cannes 2018 og sjónvarpsþáttaraðirnar *Sthlm Rekviem*, *Dirigenten* og *Allt sem ég man ekki*. Hann er meðframleiðandi íslensku kvikmyndarinnar *Dýrið*, sem skartar Noomi Rapace í aðalhlutverki og var valin til sýningar í flokknum Un Certain Regard á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2021 þar sem hún hlaut frumleikaverðlaunin.

#### FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Titill á frummáli: Tigrar

Enskur titill: Tigers

Leikstjóri: Ronnie Sandahl

Handritshöfundur: Ronnie Sandahl

Aðalhlutverk: Erik Enge, Alfred Enoch, Frida Gustavsson, Maurizio Lombardi, Liv Mjönes, Johannes Bah Kuhnke

Framleiðandi: Piodor Gustafsson

Framleiðslufyrirtæki: Spark Film & TV

Lengd: 116 mínútur

Dreifing í heimalandi: TriArt

Alþjóðleg dreifing: Wild Bunch